

JÓN ÓLAFSSON
fyrir. dyravörður Menntaskólans
í Reykjavík

33.

er 80 ára að aldri í dag. Fæddur er hann að Vettleifsholtsparti, í Holtahreppi hinum forna hinn 10. apríl 1862, og ólst hann þar upp til tvítugsaldurs hjá foreldrum sínum, Ólafi Jónssyni og Margrétu Jónsdóttur, er þar bjuggu.

Tm
Tvo sonu hefir Jón Ólafsson eignast, þá Ólaf H. Jónsson kaup^T í Hafnarfirði og Þorlák Jónsson skrifstofustjóra Ráðningarstofu Reykjavíkur.

Vinnudagur Jóns Ólafssonar er þegar orðinn ærið langur, afköst hans mikil og góð, þótt lítt hafi þeim verið á lofti haldið, og mun hann sjálfur hafa látið sér það í litlu rúmi liggja þótt svo væri. Hitt hefir honum hugstæðara verið, að vinna með árvekni og iðni öll sin störf, enda var hann, meðan starfskraftarnir entust og óbilað var þrekið, afkastamaður svo mikill og mær, að margir hinna helztu bænda og búhólda í Árnes- og Rangárvallasýslu sóttust mjög eftir því, að fá hann til að vinna hjá sér; töldu þeir hann jafnan til „sinna beztu manna“ og fólu honum verkstjórnina, þótt oftast væri þar fyrir margt ágangandi manna og „valinn maður í hverju rúmi“, en fáir þó jafn snæfir og snöfurlegir sem Jón Ólafsson. Atorka hans, hið

si. údrangf. eldfjör og vinnugleði voru þess valdandi, að verk hans urðu notadrjúg og afköstin mikil. Hið sama mátti og um sjómenskustörf hans segja, að þar var rúm hans einnig vel skipað. „Nú getum við vaggð okkur í dýrðinni“ var orðtak hans, þegar allt lék í lyndi og vinnugleðin var sem mest, gleðin yfir góðum árangri vinnunnar til hagsbóta fyrir húsbændurnar, engu síður en fyrir sjálfan hann. Þannig var og innræti flestra karla og kvenna meðal hins „vinnandi verkalýðs“ í landinu löngum áður, að sýna trúmennsku, vandvirkni og vinna verk sin undanbragðalaust og án allrar augnabjónustu.

Jón Ólafsson var um eitt skeið dyravörður við Menntaskólann í Reykjavík. Einnig þar naut hann hins bezta trausts yfirboðara sinna og velvildar hinna mörgu námsmanna.

Fær hann nú, hinn aldurluignni og lífsglaði atorkumaður, að „vaggasér í dýrðinni“, er hann lítur yfir langan æviveg og lofsverða starfsemi, með ljúfum endurminningum um húsbændurnar gömlu og góðu, hina hugljúfu samverkamenn sína, heilladrjúg og vel unnin störf.

Hugheilar óskir hinna mörgu vina Jóns Ólafsson munu því berast til hans í dag um það, að á ævikvöldi hans verði það lífsgleðin, birta hennar og blessun, se mað lokum megi „vagga honum í dýrðinni“ inn til enn meiri dásemda og dýrðar, en hann hefir áður haft af að segja og fengið að njóta í lífinu.

Reykjavík, 10. apríl 1942.

Jón Pálsson.